

skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

**32. gr.**

Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarstjórn setja mann til að gegna störfum hans.

**VII. KAFLI**

**Um aðra starfsmenn bæjarins.**

**33. gr.**

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Garðakaupstaðar, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skulu gilda um skipan í stöður hjá bænum svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Starfsmenn skulu hlíta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Garðakaupstaðar eins og þær eru á hverjum tíma samþykktar af bæjarstjórn.

**Viðauki.**

Samkvæmt lögum nr. 83/1975 fer hreppsnefnd Garðahrepps, sem kjörin var í sveitarstjórnarkosningum 1974, með stjórn Garðakaupstaðar til næstu bæjarstjórnarkosninga.

Frá og með næstu bæjarstjórnarkosningum skal bæjarstjórnin skipuð 7 bæjarfulltrúum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðakaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um gatnagerðargjöld í Patrekshreppi.**

**1. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

**2. gr.**

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

## 3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjald við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	1.5%
Tvíbýlishús og raðhús .....	1.0%
Fjölbýlishús .....	0.5%
Verslunar og skrifstofubyggingar .....	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði .....	0.5%
Opinberar byggingar .....	1.5%
Bílskúrar .....	1.5%
Önnur hús .....	0.5%

Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miðað við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð .....	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús, hver íbúð .....	300 m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni minna.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur. Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða 40.00 kr. af hverjum fermetra lóðar.

## 4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

## 5. gr.

Gjald dagar gatnagerðargjalds skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélagsins, getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

## 6. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseiganda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	3%
Tvíbýlishús .....	2%
Fjölbýlishús .....	1%
Verslunar og skrifstofubyggingar .....	3%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði .....	1.5%
Opinberar byggingar .....	3%
Bílageymslur .....	3%
Önnur hús .....	1%

Gjald af íbúðarhúsnaði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m<sup>3</sup>.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

## 7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

## 8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

## 9. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjaldlagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

## 10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

## 11. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eigendum fasteigna, sem hafa náð 67 ára aldri og þeim, sem eiga við langvarandi sjúkdóma að stríða.

Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þes að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. mars 1976.*

**F. h. r.**

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Flateyrarhreppi.

## 1. gr.

Húseigendur í Flateyrarhreppi skulu greiða til hreppssjóðs Flateyrarhrepps gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m<sup>3</sup> eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu samkv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir: